

Námsefni

Leirmótun

Lota 29.10-21.11.2025

6-7.b bekkur WS

Kennari Sigurbjörg Eiðsdóttir

Kennsla

Í lotunni er unnið með leirmótun og eru þrjú verkefni unnin. Öll verkefni eru unnin í gegnum umbreytingu forms þannig að byrjað er með eitt form og það síðan mótað yfir í annað form. Upphafsform er annaðhvort kúla eða ávalt/sívalt form.

Fyrsta verkefni er að móta bikar úr eggformi. Þar er markmið að vinna með kúpt og íhvolft form, miðjun og jafnvægi.

Verkefni tvö er að vinna dýr úr kúlulaga formi. Markmiðið er að æfa umbreytingu forma og að hugleiða og draga lögun og séreinkenni dýra út úr leirkúlunni.

Verkefni þrjú er svipað og tvö en þar er unnið með tilfinningar og mannsform mótað úr sívölum leirklumpi og barnið ákveður hvaða tilfinningu figúran á að sýna með líkamsstöðu. (gleði, depurð, forvitni o.s.frv..)

Leir mótun í Waldorfskólanum er unnin með það í huga að gera barninu kleift að velta fyrir sér og vinna með sköpunarferla og náttúrulega ferla t.d. umbreytingu í efniviðinn og styrkja viljakraftinn sinn í gegnum þessa vinnu. Mótun stuðlar að betri rýmisvitund og þjálfar hendurnar í skynjun og fínhyfingum auk þess að dýpka listræna skynjun og innsæi.

Hæfniviðið

- * nemandi getur:
 - fetað sig eftir vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar,
 - hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni,
 - unnið í skapandi ferli með frumkvæði og einbeitingu,
 - haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni,
 - unnið vel og skipulega að afmörkuðu verkefni.
 - sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði,
 - lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum

Námsmat

Vinnumat kennara/leiðbeinandi mat.

Þátttaka og áhugi/samvinna/frumkvæði/sjálfstæði

Skil á verkefnum og sjálfsmat/vinnumat.

Efni

Allt hráefni og verkfæri koma frá skóla.

